

## Samantekt um efni ráðstefnu um mat á óformlegu námi fullorðinna á Grand hótél Reykjavík 14. febrúar 2003

### *Ávarp Tómasar Inga Olsch, menntamálaráðherra*

Menntamálaráðherra ræddi um mikilvægi þekkingar og sagði hugvit og þekkingu auðlind sem verðmætasköpun í samfélaginu byggði meira og meira á, þekking væri lykill að velgengni fyrirtækja og snerti samkeppnishæfni þeirra. Hann ræddi þekkingarsköpun og þekkingarstjórnun í fyrirtækjum og taldi að mest væri um hana rætt meðal stjórnenda fyrirtækja og í menntastofnunum sem sérhæfa sig á sviði rekstrar- og fjármála.

Ráðherra gerði þvínæst að umtalsefni þá umræðu um þekkingarsamfélagið sem snýr að fullorðinsfræðslu og símenntun og rifjaði upp að UNESCO útnefndi árið 1996 ár símenntunar, árið 1997–98 vann nefnd sem þáverandi menntamálaráðherra skipaði að skýrslu um símenntun á Íslandi. Skýrslan kom út 1998 og nefnist *Símenntun – afl á nýrri öld*. Meðal þess sem áhersla er lögð á í skýrslunni er: að stefna beri að fjölgun þeirra sem ljúka framhaldsskólaprófi, hvort sem um er að ræða almennt bóknaám eða starfsnaám, að fullorðnum standi til boða *annað tækifæri til náms*, að grípa þurfi til margvíslegra aðgerða til þess að koma ofangreindum markmiðum til framkvæmda og eru tilgreind sérstök verkefni er lúta að námsskipulagi, námsframboði, ráðgjöf og mati á námi og starfsreynslu.

Ráðherra ræddi vakningu í símenntun og stofnun símenntunarmiðstöðva víða um land og vaxandi áhuga samtaka á vinnumarkaði á að tengja símenntun hinu opinbera menntakerfi. Hann ræddi um vaxandi skilning á því að allt nám skipti máli hvar sem það er stundað og benti á þróun hugtakanotkunar þar sem nú væri ekki aðeins talað um “life long learning” heldur einnig “life wide learning”. Viðfangsefni sem blasti við væri hins vegar að meta og viðurkenna nám óháð því hvar það hefur verið stundað.

Ráðherra vék að samstarfsáætlunum Evrópusambandsins um menntamál sem Ísland hefur tekið þátt í en umfjöllun um símenntun hefur skipað sérstakan sess í því starfi síðan 1996. Tilgangurinn með vinnuþlaggi framkvæmdastjórnar ESB *Memorandum on Lifelong Learning* frá október 2000 var og er að ýta undir umfjöllun um hvernig best sé að koma símenntun til framkvæmda í Evrópulöndum og innan ESB sem heildar. Mat og viðurkenning á námi skipa veglegan sess í vinnuþlagginu. Enn frekari áhersla var síðan lögð á mat á hvers kyns námi í tilkynningu framkvæmdastjórnar ESB um símenntun frá nóvember 2001 og er viðfangsefninu þar skipt í þrennt: að viðurkenna formleg náms- og prófskírteini, að viðurkenna óformlegt nám og að finna samevrópskar aðferðir til að styðja við mat á námi. Evrópusambandið samþykkti nýja ályktun um símenntun í maí 2002 og er þar enn fjallað um mat á námi, hvatt til aukins gagnsæis og samstarfs milli mismunandi fræðsluaðila og til þess að byggðar verði brýr milli formlegs og óformlegs náms um leið og hugað verði að gæðum slíkra matskerfa.

Tómas Ingi vék loks að sérstöku átaki innan ESB um aukið samstarf um starfsmennta-mál og tilgreindi sérstaklega hina svokölluðu Kaupmannahafnaryfirlýsingu sem menntamálaráðherrar ESB landanna samþykktu í nóvember 2002 og Ísland er aðili að. Í yfirlýsingunni er auk fyrrgreindra áherslna um starfsmenntun lagt til að þróaðar verði sameiginlegar meginreglur um hvernig staðið skuli að mati á óformlegu námi til þess að tryggja ákveðna samræmingu milli landa.

Ráðherra sagði það að lokum skoðun sína að tilgangur ráðstefnunnar væri að opna með formlegum hætti umræðu um tillögur um aðgerðir stjórnvalda sem gera fólki kleift að fá nám sitt og starfsreynslu metna.

### ***Bård Pettersen fjallaði um “Realkompetanseprosjektet” í Noregi.***

Bård Pettersen er sérfræðingur í norska menntamálaráðuneytinu og fjallaði hann um *mat á óformlegu, formlausu og formlegu námi í Noregi*. Þar í landi samþykkti norska Stórþingið ályktun í janúar 1999 og óskaði eftir því að ríkisstjórnin kæmi upp matskerfi sem gæfi fullorðnum rétt til að skrá og fá metna raunfærni sína þ.e. hverskyns nám og færni eða þekkingu er þeir kunna að eiga í pokahorninu án þess að þeir þyrftu að fara hefðbundnar prófaleiðir. Í framhaldinu var hrint af stað viðamiklu átaki sem gengur undir nafninu “*Færniátakið*” eða *Kompetansereformen* og tekur til allra þátta menntakerfisins allt frá rétti til grunnmenntunar, framhaldsskóla- og háskólamenntunar yfir í þætti er snúa að raunfærni og mati á henni, námsleyfum, fjárhagslegum stuðningi til fólks í námi þ.m.t. skattalegra ívinnana, rannsókna og þróunar og þátttöku í lýðræðisþjóðfélaginu. Allt má þetta skoðast sem skipulegt átak til að bæta menntun norsku þjóðarinnar, tryggja aðgang að menntun og svara kalli tímans um góða menntun og viðhald menntunar alla ævi. Lög um þetta efni voru samþykkt í Noregi í febrúar 2003.

Hugtakið *realkompetanse* verður hér eftir þýtt með orðinu *raunfærni* og tekur það til allrar menntunar og skipulegs náms, sjálfsnáms og þekkingar sem aflað er í vinnu, félagsstörfum og með þátttöku í samfélaginu og fjölskyldulífi.

Markhópurinn varðandi matskerfi um raunfærni er: 1) allir fullorðnir sem þess óska og 2) innflytjendur sem óska eftir mati á raunfærni sinni og eða staðfestingu eða jafngildingu á menntun sinni sem aflað hefur verið í heimalandi eða landi utan Noregs.

Bård fjallaði þvínæst um **skráningu á færni á vinnustað og í stofnunum úti í samfélaginu** sem veita margskonar fræðslu og þar sem einstaklingar öðlast ýmislega færni sem skrásetja má. Bård lýsti nokkuð tilgangi með skráningu raunfærni á vinnustað og telur hana mikilvæga jafnt fyrir launamanninn sem vinnuveitandann. Hún nýtist að hans mati til þess að betri vinnu verði skilað, þegar skipt er um starf hvort heldur er innan fyrirtækis eða við umsókn um nýtt starf, við mat sem tengist frekara námi einstaklingsins bæði innan fyrirtækis og utan, til að bæta samkeppnishæfni fyrirtækisins, til að skapa eða treysta grundvöll til að hefja nám á framhaldsskólastigi eða þar fyrir ofan og til að skapa grundvöll fyrir eða grunn undir styttra nám sem sniðið er að þörfum fullorðinna.

Með stofnunum úti í samfélaginu (third sector) er átt við hvers kyns fullorðinsfræðsluaðila, aðila sem halda uppi fjarnámi, lýðskóla (námsflokka) og frjáls félagsamtök. Varðandi þá síðasttöldu er mælt til þess að *einstaklingurinn skrái sjálfur þá færni sem hann hefur öðlast* með þátttöku í starfsemi en að ákveðinni mats- eða vottunaraðferð sé beitt. Um fyrrgreindu fræðsluaðilana gildir að skráð sé, vottað og metið svo og hvaða nám hefur farið fram og koma bæði ábyrgðaraðilar - væntanlega stjórnendur fræðslunnar og viðkomandi einstaklingar að verkinu. Áhersla er lögð á að til viðbótar hefðbundnu námsmati séu þróaðar aðferðir til að meta frekar en hingað til þekkingu færni og reynslu. Líklega má draga hér þá ályktun að aukin áhersla sé þar með lögð á það við matið að mæta einstaklingnum þar sem hann er staddur. (Innskot EKJ).

**Pegar flytja á mat á raunfærni inn í menntakerfið** má svo dæmi sé tekið miða við tiltekinn námspakka t.d. nám til stúdentsprófs eða nám til sveinsprófs í rafvirkjun. Viðkomandi einstaklingur hefur ákveðinn skilgreindan pakka um „raunfærni sína”. Við skoðun kemur í ljós að tiltekinn hluti er talin „jafngild færni” og tiltekinn hluti „ekki jafngild færni”. Það sem munar í einingum, námstíma og námsefni á „jafngilda pakkanum” og „lokaprófspakkanum” í opinbera skólakerfinu þarf viðkomandi að stunda nám í og má því segja að markmið um að stytta leið fullorðinna að lokaprófi t.d. úr framhaldsskóla eða háskóla náist með þessari aðferð. Þarna verður auðvitað að hafa í huga að einstaklingurinn á lagalegan rétt á mati á raunfærni sinni og ætla verður að skólastofnanir hafi ákveðnar og skýrar skyldur um að taka mark á matinu.

Bárd fjallaði þessu næst um **matsaðferðir** og tilgreindi m.a. eftirfarandi:

Mat með samtali eða **samtölum milli matsþola og matsgjafa**. Tölvuforrit byggt á námskrá notað.

Mat á vinnu- eða **ferilmöppu** “portfolio”

**Starfsmenntapróf** a. viðtal og b. próf bæði fræðilegt og verklegt

Hann lagði ríka áherslu á að **markmiðið** væri alltaf: **Að finna út hvað einstaklingurinn kann.**

Hann tilgreindi auk þess að háskólum væri skylt að taka við fólki sem hefði náð 25 ára aldri á grundvelli mats á raunfærni. Bárd sagði kannanir sýna að bæði á framhaldsskóla- og háskólastigi væri námsgengi „raunfærnisfólksins” a.m.k. jafn gott og hinna að meðaltali.

Fyrirspurn var beint til Bárd um hver borgaði brúsann og svarið kom um hæl: Hið opinbera borgar, matsþoli greiðir ekkert.

### ***Ólafur Grétar Kristjánsson fjallaði um mat á óformlegu námi á Íslandi***

Ólafur hóf mál sitt á umfjöllun um vinnu sérfræðingahóps á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar um mat á raunfærni. sem skila mun skýrslu í vor (2003). Ólafur undirstrikaði í upphafi máls síns mikilvægi þess að skýra hugtakanotkun þannig að þeir sem hverju sinni væru að nota sama hugtakið t.d. raunfærni sem þýðingu á realkompetanse væru raunverulega að fást við sama eða sambærilegt viðfangsefni.

Ólafur benti á margskonar viðleitni til mats á Íslandi og tók m.a. sem dæmi gagnagrunn svæðisvinnumiðlana, mat á vegum Námsflokka Reykjavíkur, MFA og framhaldsskólanna. Ólafur tilgreindi ýmsar tímabundnar ráðstafanir s.s. í tengslum við löggildingu iðngreina (réttindaveitingarnefndir, réttindaveitingarreglur, 10 ára próf) sem þó ekki leiddu til varanlegra leiða til styttingar á formlegu námi. Hann nefndi sem nýlegra dæmi svokallaða „brúarsmíði félagsliða” en í því tilviki er reynt að þrýsta á um formlega námsleið fyrir starfsmenn við umönnun fatlaðra og aldraðra sem gerir þeim kleift að ljúka félagsliðanámi.

Ólafur fór nokkuð yfir tilganginn með mati á óformlegu námi og var þar mjög margt samhljóða markmiðssetningu í átaki Norðmanna sem fyrr var lýst (sbr. einnig markmið í skýrslu um símenntun frá 1998 og erindi menntamálaráðherra hér að framan). Nokkuð var farið inn á skilgreiningarnar *formlegt, óformlegt og óformað nám* og studdist Ólafur þar m.a. við bók Jens Björnáavolds, *Making Learning Visible*.

En hvaðan kemur áhugi á mati á raunfærni og þekkingu fullorðinna nú og hversvegna er þetta mál í brennidepli? Þar ræður að mati Ólafs m.a. breytt viðhorf til menntunar sbr. umræðuna um þekkingarþjóðfélagið, aukinn skilningur á verðmætasköpun sem leiðir af aukinni þekkingu og góðri menntun. Hann benti á að hvarvetna í Evrópu væri mat af þessu tagi til umfjöllunar og eða framkvæmdar en Ísland væri á byrjunarreit hvað varðar mat á raunfærni.

Ólafur taldi sýnt að ekki dygði að setja markmið um þessi mál t.d. í námskrá heldur þyrfti fólk einhver verkfæri í hendurnar. Hann varpaði þvínæst fram spurningum um það hvaða rétt einstaklingurinn ætti að fá í þessu efni – lögfestan rétt til mats? lögfestan rétt til náms við hæfi? Hann fjallaði nokkuð um tilgang mats og almennar viðmiðanir sem um margt má jafna til norsku framkvæmdarinnar og sagði það loks álit sitt að matskerfi yrði að njóta almennrar viðurkenningar og lögmætis og forsenda fyrir árangri af því væri samráð og sátt um málið.

Fyrirspurnir og ábendingar í framhaldi af erindi Ólafs beindust m.a. að því hvort aðalnámskrá myndi ekki taka breytingum fyrir tilverknað matskerfis um raunfærni, að því hvort unnið væri að löggjöf um málið og að því hvort tryggt væri að mat á raunfærni yrði metið milli framhaldsskóla- og háskólastigs.

### ***Sölvi Sveinsson fjallaði um það sem Jón og Gunna kunna***

Sölvi hóf mál sitt á umræðu um hugtök á borð við menntun, menntamaður, lærdómsmaður og sjálfmenntaður maður og hvernig merking þeirra hefði breyst gegnum tíðina vegna breytinga á þjóðfélagsháttum og menntun í landinu – ekki síst skólamenntun.

Hann taldi kjarna málsins vera hvernig koma mætti fullorðnum einstaklingum inn í skólann eða menntakerfið „á réttum stað” þ.e. miðað við þekkingu og færni. Sölvi rifjaði upp ákvæði námskrár frá 1990/91 um mat og ræddi sjálfðæmi framhaldsskóla til mats skv. gildandi aðalnámskrá. Hann benti á að stöðupróf væru takmarkað úrræði og prófin kostnaðarsöm fyrir próftaka. Ýmsir kostir væru til að meta óformlegt nám t.d. mat á starfsreynslu í árum talið, einstaklingsmat m.v. tiltekin fög o.fl.

Sölvi lýsti þvínæst ýmsum leiðum sem farnar eru við mat í Fjölbautskólanum við Ármúla en meðalaldur nemenda á starfsnámsbrautum þar er tæplega 30 ár. FÁ metur þannig almennar greinar en lætur nemendur taka fagbóklega og verklega þáttinn í náminu, metur námskeið, metur aldur, færni og fyrri störf, léttir af fullorðnum nemendum námi í lífsleikni, íþróttum og frjálsum vali, metur sérhæfða starfsreynslu inn í kjörsvið á bóknámsbrautum en reynist „ofmetið” í almennu bóknámi verða menn að „hopa” og bæta kunnáttu sína.

Sölvi telur að menntamálaráðuneytið eigi að smíða rammann en skólarnir að „mála myndina í hann” en hann benti að lokum á að nú væru um 30 möguleikar á að meta sama einstaklinginn inn í framhaldsskóla eða jafnmargir og skólarnir.

Í fyrirspurnum og ábendingum eftir erindi Sólva var m.a. kastað fram spurningu um það hver ætti að meta árangur af óformlegu námi og það sjónarmið sett fram að vinnustaðirnir verði endanlega að meta færni eða hæfni. Bent var á mikilvægi þess að hvetja einstaklinga til að skrá það sem þeir eru að fást við.

### ***Ingibjörg Guðmundsdóttir óskaði í erindi sínu eftir nýjum viðhorfum***

Ingibjörg fjallaði nokkuð um fjölda þeirra er hafa skamma skólagöngu og vakti m.a. athygli á því að á árunum 1991-95 hafi fækkað í hópi þeirra sem aðeins hafa grunnmenntun en á síðustu árum hafi þeim aftur farið fjölgandi. Í Evrópusamanburði stendur Ísland höllum fæti hvað varðar hlutfall fólks sem hefur framhaldsskólamenntun við 22 ára aldur (Evrópulönd (28) 70% en Ísland 55% ).

Ingibjörg ræddi móttökur sem fullorðin fólk fær stundum í hinu opinbera menntakerfi þar sem að hennar mati eru oft gerðar óeðlilega þröngar kröfur og tók sem dæmi lækningaránám sem er nám á framhaldsskólastigi en forkrafa til að komast í það er stúdentspróf! Hún ræddi þvínæst að margir fullorðnir nemendur kviðu prófum og jafnvel verkefnum mjög og væri kvíðinn ekki í neinu hlutfalli við færni. Rætt var um hindranir og togstreitu. Ótinn við að mistakast í námi eða „falla” í e.k. formlegu mati fældi frá námi en samtímis ylli menntunarleysi og slök staða samfélagslega og á vinnumarkaði einnig kvíða og óöryggi.

Ingibjörg benti á að líta mætti á þetta sem afleiðingu af því að hindra eða auðvelda ekki aðgang að menntun og þar með samkeppnisfærni. Hún ræddi í þessu sambandi um að námskrár væru oft ósveigjanlegar og ekki aðlagðar þörfum mismunandi einstaklinga og hópa og að oftrú ríkti á próf sem mældu gjarnan meira neðri stig þekkingar. Hún benti á að beita má fleiri aðferðum við námsmat s.s. verkefnum, samtölum, símati, og færnimöppu (portfolio).

Ingibjörg lagði áherslu á breytt viðhorf og eftirfarandi aðgerðir: að óformlegt nám verði metið til eininga, námstækifærum verði fjölgað, tekið á sértækum námsörðugleikum, leiðir opnaðar frekar en þeim lokað, að námslán verði tryggð, að lög og reglugerðir skilgreini réttindi fullorðinna, að námsráðgjöf verði aukin, hlutfall þeirra sem ljúka skilgreindu námi hækki og tækifæri í atvinnulífínu verði nýtt.

Í fyrirspurnum og ábendingum eftir erindi Ingibjargar var því m.a. velt upp hvort öldungadeildir framhaldsskólanna væru orðnar úreltar, bent var á hagsmunatogstreitu og að nám í öldungadeildum væri mun dýrara en í dagskóla.

### ***Haukur Harðarson telur að það vanti fólk til að byggja brýr en nógu margir verði til að reisa vegg***

Haukur vísaði til þess að oft væri steinn lagður í götu þeirra sem vildu afla sér menntunar. Þannig reistu t.d. starfsgreinarnar, skólakerfið og yfirvöld oft hindranir eða óþarfa vegg og talaði hann þar á líkum nótum og Ingibjörg. Hann vísaði til þess að nemendum í löggiltum iðngreinum hefði fækkað. Hann taldi reynslu bílgreina af „10 ára reglunni” (sem Ólafur ræddi fyrr) ekki að öllu leyti góða en samkvæmt henni máttu tímabundið allir sem unnið höfðu við greinina í 10 ár eða meira fá sveinspróf – en ekki meistararéttindi. Haukur telur að sveinsbréf skv. 10 ára reglunni sé ekki að fullu viðurkennt á vinnumarkaði og að einhverjir er þannig hlutu starfsréttindi hafi ekki átt erindi inn í greinina.

Haukur greindi hóp „viðskiptavinanna” nokkuð og taldi að þar væri um að ræða fólk með lágur tekjur, bæði kynin og fólk sem þyrfti að og vildi taka mið af fjölskylduaðstæðum sínum í sambandi við nám. Þetta væri oft fólk sem ekki hefði lært í langan tíma (þ.e. ekki í skólanámi).

Hann taldi heppilegt að meta fremur munnlega og verklega heldur en skriflega, að ráðgjöf væri nauðsynleg áður en mat færi fram og kerfið og vinnumarkaðurinn yrði að viðurkenna matið.

Haukur ræddi leiðir í mati og nefndi persónulega ráðgjöf, einstaklingsmiðað mat, og ráðgjöf um framhaldið. Hann taldi nauðsynlegt að gerð væri áætlun í samráði við námsráðgjafa og með vitund og vilja yfirmanns á vinnustað eða atvinnurekanda og henni síðan fylgt eftir til loka námsins.

Aðstöðu atvinnulausra til náms þyrfti nauðsynlega að bæta þar sem lítil formleg menntun yki hættuna á að missa vinnuna og vítahringur skapaðist. Haukur tilgreindi nám til aukinna ökuréttinda og vinnuvélanám sem dæmi um styttra nám utan opinbera skólakerfisins.

Í lokaorðum sínum taldi Haukur stöðuna um mat á námi og þekkingu fullorðinna slæma m.a. vegna ósveigjanlegs kerfis og fyrrgreindra hindrana í vegi fólks. Hann lagði ríka áherslu á að hugmyndir og ákvarðanatáka um nám og námsframboð kæmi frá atvinnulífínu. Hann vill fá matskerfi strax.

Í fyrirspurnum og ábendingum til Hauks var m.a. varað við því sem kallað var „að fela atvinnuleysi með námi” þ.e. með því að setja atvinnulausa á skólabeck.

### ***Þórunn Sveinbjörnsdóttir ræddi um reynslu og þarfir á almenna vinnumarkaðinum fyrir mat á námi og reynslu***

Þórunn gerði fyrst að umtalsefni hvað hefur verið gert og nefndi þar að námsmatsnefndir og vinnustaðir hefðu metið og að vinnustaðir hefðu sumir dregið námsmatið inn til sín með góðum árangri. Fulltrúar af vinnumarkaði og úr skólakerfinu hefðu lagt saman krafta sína við matið og einnig hefðu framhaldsskólar metið. Þórunn vísaði í „brúarsmíð” vegna félagsliðanáms sem Ólafur kom að í erindi sínu og ræddi síðan um þann mikla fjölda sem ætti ólokið námi stundum vegna brotinnar skólagöngu og brottfalls af ýmsum ástæðum.

Þórunn ræddi um innleiðingu starfsmannasamtala þar sem reyndi á framtalningu, skilgreiningu og mat á raunfæmi og taldi nauðsynlegt að slík samtöl væru vel undirbúin. Hún ræddi um þróun í starfsnámi og tók sjúkraliðanámið sem dæmi. Hún benti á að í símenntunaráætlunum skipti miklu máli að nám(slýsingar) væru þannig að skilgreiningarnar dygðu til mats (væru matshæfar). Þórunn taldi reynslu af mati náms til jafns við kjarasamningsbundna menntun góða.

Hún ræddi næst um það sem óunnið er og sagði að það sem vantaði væri m.a.:

~~☞~~ Greiður aðgangur að matskerfi sem gefur skýra niðurstöðu.

~~☞~~ Bætt skilyrði og aðstöðu matsmanna til að meta – verkfæri í hendurnar.

Þórunn benti á að sáralítið hefði verið gert til að meta raunfærni hins almenna verkamanns en undantekningin þar væri „300 tíma námið”.

Þórunn ræddi að lokum framgöngu við mat og taldi líkt og Ingibjörg áður jákvætt viðmót og stuðning við að efla sjálfstraust skipta miklu. Hún ræddi um nauðsyn þess að „lækka hindranir” t.d. með því að bjóða námið á vinnustað en ekki í skólaumhverfi sem kynni að hræða eða fæla frá. Áherslur Þórunnar, Ingibjargar og Hauks fóru nokkuð saman um þessi efni og tala öll af mikilli reynslu.

Í fyrirspurnum og ábendingum var m.a. sett fram það sjónarmið að nauðsynlegt væri að setja fólk í próf en sem andsvar bent á að leiðir í námsmáti væru margar.

### ***Halldór Kristjánsson fjallaði í erindi sínu um alþjóðlegt mat á námi í tölvugreinum***

Halldór lýsti fjölbreyttum bakgrunni tölvufólks sem væri ýmist sjálfmenntað, fagmenn úr öðrum faggreinum t.d. verkfræði eða tölvufræðingar úr háskólum. Hann ræddi mikið framboð af námi í tölvugreinum utan opinbera skólakerfisins, sífelldar breytingar og þróun, hraða úreldingu náms og alþjóðlegan vinnuþætti.

Hann spurði hversvegna ætti að meta eða votta og taldi m.a. kröfur frá umhverfinu, frá atvinnurekendum, viðskiptavinum og svo einstaklingslegan metnað ráða miklu um það. Halldór fjallaði um framboð alþjóðlegs mats á Íslandi og tilgreindi m.a. tölvuökuskírteini (TÖK), Microsoft Office Specialist og ýmis sérfræðipróf. Prófin væru ýmist rafræn eða skrifleg og gjald fyrir þau allt frá 3000 kr. upp í 80.000 kr. Alþjóðleg fyrirtæki halda prófin en ferlið er þannig að próf er bókað símleiðis eða á netinu og prófið svo tekið í prófmiðstöð. Niðurstöður fást strax eða eftir nokkra daga, endurtaka má eins oft og vill og alþjóðleg skírteini fæst standist menn prófið.

Halldór taldi áhuga á svona máti fremur lítinn nema hjá upplýsingatæknifyrirtækjum og hvað árangur varðar ljóst að einkaskólar laga nám sitt og námsefni að prófkröfum í alþjóðlegu máti. Um opinbera skólakerfið taldi Halldór óljóst hvort það viðurkenndi þessi próf og varpaði fram þeirri spurningu hvort aðalnámskrá í tölvugreinum ætti að taka mið af alþjóðlegum prófkröfum.

Halldór lauk máli sínu með því að ítreka forystu upplýsingatæknifyrirtækja í málinu en frekar almennt áhugaleysi almennings og dró þá ályktun að meiri kynningar og samstarfs væri þörf.

***Sólrún Jensdóttir ráðstefnustjóri*** sleit að svo búnu ráðstefnunni og þakkaði frummælendum, skipuleggjendum og ráðstefnugestum fyrir þátttökuna.